



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á samverustund
fyrir íbúa Grindavíkur**

**Hallgrímskirkju
12. nóvember 2023**

Kæru Grindvíkingar,
ágætu landsmenn nær og fjær.

Mér þykir vænt um að eiga þessa stund með ykkur – þessa samverustund þegar við leitum styrks hvert hjá öðru, þegar við bíðum þess sem verða vill, vonum það besta en búum okkur undir allan þann miska sem hin römmu náttúruöfl geta gert okkur.

Þetta segi ég fyrir mína hönd og konu minnar og ég veit að ég mæli fyrir munn allrar þjóðarinnar þegar ég segi að við hugsum hlýtt til allra þeirra sem þurftu að flýja heimili sín og vinnustaði í skyndi. Ég þakka líka þeim fjölmörgu sem hafa boðið húsaskjól og aðra aðstoð í stóru sem smáu. Ég leyfi mér að segja að ég er stoltur og þakklátur fyrir að búa í samfélagi sem bregst svo vel við óvæntri ógn.

Einnig þakka ég öllum sem nú sinna hjálp í viðlögum, starfsliði almannavarna og öðrum á vettvangi þessara vályndu viðburða. Við búum líka að því að eiga einvalalið vísindamanna, rýnandi í öll þau teikn sem birtast hverju sinni. Já, það er svo margt sem við getum gert, þrátt fyrir allt. Við getum vonað og trúað og við getum gert það sem í okkar valdi stendur – við getum brugðist við, nýtt okkur þekkingu og reynslu, vitsmuni og útbúnað.

Góðir Íslendingar, kæru landsmenn. Við vitum ekki enn hvort gjósa muni í eða við Grindavík. Ef það gerist þá tökumst við á við þann mikla vanda og lífið mun svo halda áfram. Í Grindavík munu börn ganga í leikskóla og skóla, við munum sinna þeim eldri og þeim sjúku. Heimafólk mun áfram skora og skora á vettvangi íþróttar. Við munum mæta á tónleika í Grindavík og aðrar skemmtanir,

á sjómannadagsmessu og Sjóarann síkátta, þá góðu hátíð. Það verður áfram róið frá Grindavík. Íbúar þar munu áfram afla þjóðarbúinu drjúgra tekna.

Já, Grindavík verður áfram sælureitur ykkar íbúanna og við hin munum áfram njóta gestrisni ykkar og góðvildar. Í Grindavík verður áfram blómleg byggð.